

Alþingi
Erindi nr. P
komudagur 22/31/823



Reykjavík 21. febrúar 2005

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Skráning og rannsókn umferðarslysa með vísan til erindis samgöngunefndar Alþingis dags. 9. febrúar s.l.

1. Rannsóknarnefnd umferðarslysa annast skráningu og rannsókn umferðarslysa.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa annast skráningu þeirra slysa sem nefndin tekur til rannsóknað hvert ár. Er nefndin skipuð af ráðherra skv. 115. gr. a. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Samkvæmt 4.gr. reglugerðar nr. 681/1998 um rannsóknarnefnd umferðarslysa ákveður nefndin hvenær efni eru til rannsóknað umferðarslyss í samræmi við hlutverk og markmið nefndarinnar.

2. Hvað er skráð ?

Frá árinu 1998 hefur rannsóknarnefndin rannsakað banaslys í umferðinni og greint orsakir þeirra. Einnig hefur nefndin rannsakað tímabundið og safnað gögnum um útafakstur í dreifbýli, framanákeyrslur í dreifbýli, slys erlendra ferðamanna og bifhjólaslys.

Niðurstöður rannsókna nefndarinnar er að finna í skýrslum um banaslys í umferðinni sem út koma ár hvert og í skýrslum um önnur rannsóknarverkefni nefndarinnar. Allar skýrslur Rannsóknarnefndar umferðarslysa er að finna undir liðnum *skýrslur* á vefslóðinni <http://www.rnu.is>

Þær grunnupplýsingar sem rannsóknarnefndin skráir í gagnagrunn um banaslys í umferðinni koma fram í töflu 1.

Tafla 1. Grunnskráning Rannsóknarnefndar umferðarslysa

Nr.	Breyta	Nr.	Breyta
1	Dagssetning	22	Íslenskur/erlendur ökumaður
2	Ár	23	Bílbelti
3	Mánuður	24	Bílpúði
4	Ársfjórðungar	25	Annar öryggisbúnaður
5	Klukka	26	Tegund slyss
6	Flokkuð klukka	27	Flokkur ökutækis
7	Vikudagur	28	Þyngd ökutækis 1
8	Vettvangur	29	Þyngd ökutækis 2
9	Þéttbýli/Dreifbýli	30	Þyngd eftirvagns ökutækis1
10	Yfirferð nefndar	31	Þyngd eftirvagns ökutækis2
11	Skýrslunúmer	32	Hámarkshraði
12	Hnit	33	Gerð dekkja
13	Látnir í slysi	34	Gerð veghluta
14	Umdæmi	35	Yfirborð vegar
15	Vegfarendur	36	Ástand yfirborðs
16	Fæðingarár látings	37	Birtustig
17	Kyn látings	38	Veðurlýsing
18	Aldur látings	39	Aðalorsök
19	Flokkaður aldur	40-49	Undirorsök1-10
20	Aldur ökumanns/orsök	50	Athugasemdir við skýrslur lögreglu
21	Flokkaður aldur ökumanns/orsök	51	Gæði skýrslu lögreglu
		52	Gagn bílbelta

3. Hvaða þættir eru rannsakaðir?

Skipta má í fernt þeim þáttum sem rannsóknarnefndin beinir sjónum að.

3.1 Yfirborð vegar, umhverfi hans og akstursskilyrði.

Veghiti og lofthiti er skráður á vettvangi, sem og veðurfar, skyggni og færð. Skráðar eru upplýsingar um merkingar á vegi, yfirborðsmerkingar, umferðarskilti og umferðarrétt. Vegur í grennd við slysstað og umhverfi slyss eru mynduð og orsök þess er skráð ef hana má að einhverju leyti rekja þangað eða þegar finna má einhver ummerki eftir slyss, sem varpað geta ljósi á orsakir þess.

3.2 Rannsókn á ökutæki.

Ökutæki er skoðað eins og hægt er á vettvangi. Gerð og ástand hjólbarða er skráð. Loftlausir hjólbarðar eru skoðaðir og m.a. athugað hvort sprungið hafi. Hjólbarðar eru myndaðir. Ákoma á ökutæki er rannsökuð með tilliti til atburðarásar, áætlaðs ferils ökutækis og ákomu.

Ef ökutæki er bifreið er skoðað, hvort bílbelti voru notuð eða ekki og athugað er hvort loftpúðar blésu út (ef til staðar). Kannað er í hvaða gír bifreiðin er og ef mögulegt, er ljósabúnaður athugaður. Í sumum tilfellum eru bifreiðir skoðaðar nánar á verkstæði af nefndinni ef framburður vitna, ummerki á vettvangi eða frumrannsókn gefur til kynna að orsök slyss megi rekja til ökutækis. Eftir atvikum eru kvaddir til sérfræðingar eða leitað til

rannsóknarstofnana um nánari rannsókn á einstökum hlutum bifreiðar. Lögregla lætur í flestum tilvikum skoða ökutæki og hefur nefndin þær niðurstöður til hliðsjónar.

Rannsókn á ökutæki er mismunandi eftir því hvers eðlis slys er og hvaða ökutæki eiga í hlut. T.d. er ökutæki oftast í ökuhæfu ástandi ef ekið er á gangandi vegfarenda og hægt að kanna hemla og stjórnbúnað á vettvangi. Ef ökutæki er með ökurita er ökuritaskífa skoðuð til að meta hraða. Oft eru forsendur til að reikna hraða ökutækja í slysum út frá ákomu og fleiri ummerkjum. Svo mætti áfram telja upp sértækar áherslu í rannsóknum nefndarinnar eftir því hvers eðlis umferðarslys er. Upplýsingar úr ökutækjaskrá um skráningu og skoðun ökutækja eru rannsakaðar.

3.3 Rannsókn á ökumönnum og vegfarendum.

Á vettvangi eru skráðar upplýsingar um ökumenn og vegfarendur og má almennt segja að hegðun þeirra og ástand sé til rannsóknar. Ástand ökumanna er skoðað sérstaklega, s.s. hugsanleg ölvun, lyfjanotkun, þreyta og almennt andlegt og líkamlegt ástand. Þá eru meiðsli og áverkar rannsökuð í ljósi atburðarásar slyssins.

3.4 Rannsókn á viðbúnaði og viðbrögðum vegna slyss

Rannsóknarnefnd umferðarslysa rannsakar viðbúnað og viðbrögð vegna umferðarslysa. Með því er átt við rannsókn á fyrstu viðbrögðum leikmanna á vettvangi, tilkynningu um slysið, viðbrögð viðbragðsaðila, meðferð sem slasaðir fá á vettvangi og sjúkrastofnunum. Í skýrslu um banaslys í umferðinni árið 2001 var fjallað sérstaklega um þennan þátt og ábendingum beint til dómsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra.

4. Hvaða gögnum er safnað um hvert slys sem er skráð eða rannsakað?

Það fer eftir eðli umferðarslyss hvaða upplýsingum þarf að safna og hvað er skráð. En dæmigerð gögn sem nefndin safnar um banaslys í umferðinni eru:

Gögn sem lögregla aflar, t.a.m.

- Frumskýrsla um slys
- Framburðarskýrslur vitna og sakborninga
- Bíltækniskýrsla
- Krufningarskýrsla (þ.m.t. niðurstaða blóðrannsóknar)
- Ljósmyndir
- Upplýsingar um veður og færð

Gögn sem rannsóknarnefndin aflar.

- Upplýsingar um veg og umhverfi
- Upplýsingar um veðurfar
- Upplýsingar frá aðilum í slysi
- Upplýsingar heilbrigðisstarfsfólks um ástand slasaðra, viðbúnað og viðbrögð
- Trúnaðarupplýsingar sem nefndinni berast um slys og eru ekki í lögregluskýrslum

- Ljósmyndir
- Hraðaútreikningar
- Biltækniskýrsla
- Skýrslur sérfræðinga, t.a.m. iðntæknistofnunar

5. Er aflað upplýsinga sem geta talist persónulegar og ef svo er, hvernig er meðferð þeirra háttáð?

Rannsóknarnefndin fer með öll persónugreinanleg gögn sem trúnaðarmál, sbr. 5. gr. reglugerðar um rannsóknarnefnd umferðarslysa nr. 681/1998. Hluti gagna sem nefndin safnar hefur að geyma upplýsingar sem eru persónulegar og nægir að nefna krufningarskýrslur, niðurstöður blóðrannsókna og upplýsingar um einstaklinga frá heilbrigðisstofnunum. Aðgangur að gögnunum er óheimill öðrum en nefndarmönnum, framkvæmdastjóra og sérfræðingum nefndarinnar og eru þau geymd í læstri, eldvarinni hirslu.

Rannsóknarnefndin hefur ekki birt niðurstöður einstakra rannsókna svo telja meg, og aldrei birt niðurstöður um slys sem geyma nöfn, kennitölur eða persónugreinanleg auðkenni.

Í tölvutækum grunni nefndarinnar eru slysin auðkennd með dagsetningu og staðsetningu, en ekki eru þar skráð nöfn eða kennitölur aðila.

6. Á grundvelli hvaða laga eða reglna fer skráning og rannsókn fram?

Rannsóknarnefnd umferðarmála er skipuð af ráðherra skv. 115. gr. a. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Um starfsemi nefndarinnar gildir reglugerð nr. 681/1998 um rannsóknarnefnd umferðarslysa. Sérstaklega er kveðið á um rannsóknir nefndarinnar í 4.-5. gr. sem hljóða svo:

4. gr. Rannsóknarverkefni og starfshættir.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ákveður hvenær efni eru til rannsóknar umferðarslyss í samræmi við hlutverk og markmið nefndarinnar. Tilkynna skal lögreglu um hvaða flokka slysa nefndin hefur til rannsóknar á hverjum tíma.

Nú verður umferðarslys í flokki sem nefndin hefur ákveðið að rannsaka og skal lögreglan þá tafarlaust tilkynna Neyðarlínunni um slysið, sem kemur boðum til nefndarinnar.

Eftir atvikum skulu einn eða fleiri nefndarmenn eða starfsmenn nefndar fara í rannsóknarskyni á vettvang. Lögreglunni skal tilkynnt svo fljótt sem unnt er hvort fulltrúi nefndarinnar muni fara á vettvang.

Þegar umferðarslys verður í flokki sem nefndin hefur ákveðið að rannsaka skal lögreglan vernda verksummerki slyss, eins og kostur er, fram að þeim tíma er nefndin kemur á slysstað, þótt lögreglan hafi áður lokið vettvangsrannsókn sinni.

5. gr. Heimildir í starfi.

Dómsmálaráðuneytið lætur nefndarmönnum og starfsmönnum nefndarinnar í té skilfrki til sönnunar um störf þeirra.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal hafa aðgang að slysstað í samráði við lögreglu.

Lögreglunni ber að veita nefndinni aðstoð við rannsóknarstörf á slysstað eftir því sem hún hefur tök á.

Nefndinni er heimilt að leita eftir upplýsingum varðandi ökutækið, ökumann, farþega, vitni og annað er kann að skipta máli varðandi rannsóknina. Þá er nefndinni heimilt að leita eftir upplýsingum um atvik frá ökumanni, farþegum og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins.

Nefndin getur óskað eftir því við lögregluna að hún taki í sínar vörslur ökutæki eða hluta þess, sem rannsóknin beinist að.

Nefndarmönnum og starfsmönnum hennar ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra að óviðkomandi fái upplýsingar um þau atvik er þeir komast að í starfi sínu í nefndinni.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa áréttar að ítarlegar skýrslur nefndarinnar eru birtar á vefsíðu nefndarinnar www.rnu.is.

Virðingarfyllst
f.h. rannsóknarnefndar umferðarslysa



Asdís J. Rafnar,
formaður